
þjóðviljinn

Fimmtudagur 26. janúar 1989 18. tölublað 54. árgangur

SÍMI 681333
Á KVÖLDIN
681348
Á LAUGARDÖGUM
681663

SPURNINGIN

Hvernig líst þér á nýju lánskjaravísitöluna? (⅓ framfærsluvt., ⅓ byggingavt. og ⅓ kaupgjaldsvt. í stað ⅔ framfærsluvt. og ⅓ byggingavt.):



Sigurður Sigurðsson:
Mér líst illa á hana. Það er verið að leggja sprengjur undir verkalýðshreyfinguna.



Guðjón Scheving:
Hún er ekki gæfuleg. Ég fæ ekki séð að hún valdi meiri stöðugleika en gamla vísitalan.



Ólafur Guðmundsson:
Mér líst út af fyrir sig ekki illa á hana. Það hefur sýnt sig að krónutöluhækkanir einar og sér færa verkafólki enga ávinninga. Verkalýðshreyfingin verður að fara að semja öðruvísi, temja sér ný vinnubrögð.



Ágústa Sveinsdóttir:
Hef ekki kynnt mér það enn.



Ágústa Hrund Emilsdóttir:
Hef ekki fylgst með þessu máli.

SKUMUR



Teikningar og táknmyndir

Kristján Guðmundsson og Halldór Ásgeirsson opna einkasýningar að Kjarvalsstöðum um helgina


Það má teljast fullvíst að myndlistarsýningar þær sem opnaðar verða að Kjarvalsstöðum nú um helgina bjóði upp á eitthvað óvænt og nýtt fyrir augað. Þeir Kristján Guðmundsson og Halldór Ásgeirsson eru að sönnu ólíkir listamenn, en þeir eru hvorugur þekktir af því að fara troðnar slóðir.

Á þessari sýningu mun Kristján Guðmundsson sýna yfirlit yfir veigamikinn þátt í starfi sínu, sem eru „teikningar" hans frá tímabilinu 1972–'88. Teikningar Kristjáns eru þó ekki teikningar í hefðbundnum skilningi, heldur verður meðhöndlun hans á efninu að eins konar heimspekilegum vangaveltum um teikninguna og listina sem miðil, þar sem efnið sem slíkt verður um leið viðfangsefni myndarinnar eða burðarafl. Segja má að í myndum sínum hafi Kristján Guðmundsson dregið myndlistina niður á núllpunktinn um leið og hann leggur með áleitnum hætti fyrir okkur spurninguna um inntak listarinnar.

Á meðan Kristján Guðmundsson nálgast núllpunkt myndlistarinnar af vísindalegri nákvæmni fer Halldór Ásgeirsson með okkur á ferðalög í tíma og rúmi í myndum sínum og er í þeim efnum algjör andstæða Kristjáns. Hann sýnir okkur málverk og þrívíðar myndir sem hafa að geyma goðsöguleg minni og frummyndir úr undirvitund mannsins og vitnar þar jafnt í fornar goðsögur og nýjar. Myndir hans eru unnar upp úr skissubókum sem hann vinnur á ferðalögum sínum og í „tómstundum", en skissurnar færir hann síðan út á meðvitaðan og úthugsaðan hátt eins og til dæmis í verkinu „Ýmir" sem er stórt verk er blasir við þegar gengið er inn í austursalinn, þar sem hin forna sköpunarsaga um Ými fær á sig nýja og áþreifanlega mynd.

Sýningarnar á Kjarvalsstöðum gefa okkur frjóa innsýn í það nýjasta sem er að gerast í myndlist hér á landi og ættu því að vera forvitnilegar fyrir alla þá sem láta sig myndlist varða.

–ólg



Kristján Guðmundsson og Halldór Ásgeirsson við uppsetningu sýninga sinna að Kjarvalsstöðum í gær. Ljósm. J.Smart.

Dans á rósum í Köben

Ópera við leikverk eftir Odd Björnsson frumflutt í Kaupmannahöfn

Sænska tónskáldið Arne Mell hefur samið óperu við texta eftir Odd Björnsson leikskáld og verður óperan frumflutt í Musikdramatisk Teater í Kaupmannahöfn 28. janúar. Óperan nefnist Dans á rósum og er byggð á leikritinu Tíu tilbrigði, eftir Odd, sem sýnt var í Lindarbæ á vegum Þjóðleikhússins árið 1968 í leikstjórn Brynju Benediktsdóttur.

Óperan tekur 80 mínútur í flutningi. Hún var samin fyrir Íslenska söngskólann samkvæmt pöntun og átti að setja hana upp í Íslensku óperunni. Þar sem það dróst var ákveðið að frumsýna hana í Kaupmannahöfn nú í uppfærslu Niels Pihl, fimm árum eftir að hún var samin.

Vetur í Portúgal

1 upp í 10 vikur
Lissabon
Algarve
Madeira
Golfferðir

Ferðaskrifstofurnar **EVRÓPUFERÐIR, RATVÍS OG FERÐAVAL** bjóða ykkur upp á 4, 6, 8 og 10 vikna ferðir til **Portúgal** í vetur. Hægt er að velja um gistingu á **Madeira,** í **Algarve** eða á **Lissabonströndinni.** Verð frá kr. **53.200.-**

Einnig standa ykkur til boða styttri ferðir (3-30 dagar) með gistingu í íbúðum eða 3 til 5 stjörnu hótelum víðsvegar um **Portúgal.** Þið getið heimsótt heimsborgirnar **Lissabon** og **London** í einni ferð, spókað ykkur á ströndum **ALGARVE** eða leikið **golf** á einhverjum bestu golfvöllum Evrópu.

Þeim sem vilja hvílast og slappa af í fögru umhverfi býðst úrval af gististöðum á hinni margrómuðu eyju **Madeira.**

Golfhótel við 7 úrvals golfvelli í Algarve.
Vallargjöld á sérstaklega lágu verði.

SUMARBÆKLINGURINN ER KOMINN

evrópuferðir
KLAPPARSTÍG 25-27
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 628181.

RATVÍS Travel
HAMRABORG 1-3, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 641522

FERÐAVAL HF
TRAVEL AGENCY
HAFNARSTRÆTI 18,
101 REYKJAVÍK, SÍMI 14480.